

Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla – Nokkur minnisatriði

Sveinn Hallgrímsson

Landbúnaðaháskólanum á Hvanneyri

INNGANGUR

Markmið þessa pistils er að kynna áætlanir um gæðastýrða sauðfjárrækt eins og hún er skilgreind í *samningi ríkisstjórnar Ísland (landbúnaðar- og fjármálaráðherra) og Bændasamtaka Íslands*.

Í samningi þessara aðila segir svo: „Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla: Dilkakjöt sem framleitt hefur verið eftir kröfum um skilgreindan framleiðsluferil, hollustu og umhverfisvernd“.

Í 1. málsgrein um Gæðastýrða sauðfjárrækt (fylgiskjal 1 með samningi um framleiðslu sauðfjárafurða) segir um *tilgang gæðastýringarinnar*: „Að bæta sauðfjárbúskap, tryggja neytendum örugga vöru og bændum betri afkomu.“ Ennfremur segir að: „Framkvæmdanefnd búvörusamninga er ábyrg fyrir framkvæmd verkefnisins.“

GÆÐASTÝRÐ SAUÐFJÁRRÆKT

Gæðastýrð sauðfjárrækt tekur til eftirfarandi þátta:

- **Landnot.** Framleiðandi sýnir fram á afnotarétt af landi, þar með talið afrétt, sem fullnægir beitarþörf alls búpenings viðkomandi bú. Nánar skilgreint í gæðahandbók.
- **Einstaklingsmerkingar og kynbótaskýrsluhald.** Sauðfé merkt og skráð skv. gæðahandbók. Merkingar tryggi rekjanleika afurða. Kynbótaskýrsluhald verði samkvæmt skilgreiningu Bændasamtaka Íslands.
- **Gæðadagbók.** Hirðing og meðferð bústofns skráð samkvæmt nánari ákvæðum í gæðahandbók.
- **Búfjárefirlit**, sbr. Lög um búfjárhald. Leggja skal fram vottorð frá búfjárefirlitsmanni sveitarfélags um fóður, aðbúnað og ástand búfjár, sbr. ákvæði gæðahandbókar. Lagt skal mat á ytri ásýnd býlisins, sbr. nánari ákvæði gæðahandbókar.
- **Lyfjaeftirlit.** Gera skal grein fyrir kaupum og notkun lyfja á búinu.
- **Áburðarnotkun og uppskera.** Gera skal grein fyrir áburðarnotkun, hvernig hún er ákvörðuð og uppskera skráð af hverri spildu, sbr. ákvæði gæðahandbókar.
- **Fóðrun.** Gera skal grein fyrir fóðrun og fóðurefnum (beit, heygjöf, kjarnfóður, annað), sbr. ákvæði gæðahandbókar.

Undirbúningur að gæðastýringu

Umsóknir. Bændur, sem óska eftir því að taka þátt í verkefninu, sækja um það til viðkomandi búnaðarsambands. Eðlilegt er að búnaðarsambandið geri úttekt á búinu á þeim þáttum sem gæðastýringin nær til og gefi bóndanum svar um það hvort hann fullnægi skilyrðum um gæðastýrða framleiðslu. Öll gögn, um úttekt á viðkomandi býli, verða geymd hjá viðkomandi búnaðarsambandi **og meðhöndluð sem trúnaðarmál.**

Námskeið. Umsækjendur sækja tveggja daga námskeið til undirbúnings gæðastýrðri sauðfjárrækt. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri (LBH) sér um þessi námskeið í samvinnu við búnaðarsambönd, lætur semja námskeiðsefni og gefur það út í handhægu formi, sbr. samning Framkvæmdanefndar búvörusamninga (Fb) og LBH. Á námskeiðunum verður jafnframt farið

yfir þýðingu góðs skýrsluhalds og skráningar á öðrum sviðum fyrir kynbætur og rekstur sauðfjárbúsins. Jafnframt verður boðið upp á fagnámskeið í helstu þáttum búrekstrar.

Miða skal við að hægt verði að koma af stað hópstarfi í framhaldi af námskeiðunum, þannig að hópstarfið leiði til faglegrar umræðu og þar með bættrar afkomu sauðfjárbænda.

Námskeiðin verða haldin sem víðast um landið. Þar sem því verður við komið, skal miða við að hvert námskeið verði grunnur að hópstarfi. Því er æskilegt að miða við ákveðin svæði eða félagslega einingu þegar námskeið eru skipulögð.

Leiðbeinendur á námskeiðunum verða kennarar við LBH á Hvanneyri, héraðs- og landsráðunautar og rannsóknamenn, eftir því sem við á. Miðað er við að héraðsráðunautur á viðkomandi svæði verði leiðbeinandi á námskeiðinu, ásamt starfsmanni LBH eða frá öðrum landbúnaðarstofnunum, ef þurfa þykir.

Búfræðslan hefur umsjón með gerð kennslugagna. Við gerð þeirra skal miða við að þau nýtist sem handbók við störf bóndans eftir að verkefnið er hafið. Við gerð kennslugagna skal taka mið af almennri uppbyggingu gæðastýringar í landbúnaði. Gæðahandbók, unnin á ábyrgð Bændasamtaka Íslands, liggi fyrir þegar námskeið hefjast, enda er hún í raun verkefnalýsing fyrir þátttakendur.

Eftirfylgni. Búnaðarsambönd, eða þeir aðilar sem Framkvæmdanefnd búvörusamninga felur, verða ábyrgir fyrir eftirfylgni verkefnisins, fyrir hönd hennar. Á hverju búnaðarsambands-svæði verða myndaðir hópar bænda sem funda reglulega undir stjórn hópstjóra. Hópstjórar hvers svæðis funda reglulega með sauðfjárræktarráðunaut viðkomandi búnaðarsambands. Að loknu fyrsta ári verkefnisins verður reynslan metin, m.a. hvort nauðsyn sé á frekara námskeiðahaldi.

Eftirlit. Eftirlitið skal vera virkt, en ódýrt, og í höndum búnaðarsambandanna. Skil á (kynbóta-) skýrsluhaldi, gæðahandbók, landnotavottorði og upplýsingum úr búfjáreftiliti er forsenda álagsgreiðslu vegna gæðastýringar. Þessar upplýsingar metur eftirlitsaðili í umboði Framkvæmdanefndar búvörusamninga og ákveður hvaða aðilar skuli njóta álagsgreiðslna á grundvelli þeirra gagna sem getið hefur verið hér að ofan. Öll gögn, sem eftirlitsaðili safnar, eru eign bóndans og verða ekki notuð í öðrum tilgangi, nema með hans samþykki.

Meginregla eftirlitsins verður að teknar séu úrtaksprufur, um 10% á ári, af fjölda bænda sem samþykktir hafa verið í gæðastýringu. Ekki skal krefjast þess af bóndanum að hann sendi gögn til búnaðarsambands, nema þegar bóndinn hefur verið tekinn út til skoðunar. Eftirlitsaðili skal, hafi viðkomandi bóndi verið dreginn út til skoðunar, heimsækja bóndann og fara yfir gögn sem snerta gæðastýringuna. Þurfi eftirlitsaðili að heimsækja bónda, sem er í gæðastýringu, á hann rétt á að skoða öll gögn varðandi gæðastýringu telji hann þörf á því.

Tími. Verkefnið hefst árið 2003. Samkvæmt samningi ríkisins og Bændasamtakanna þýðir þetta að vorið 2002 verða bændur sem ætla að komast í gæðastýrða sauðfjárrækt að vera búnir að sækja um fyrir 1. janúar 2002. Búnaðarsamböndin eða sá sem fer með eftirlit og gagnasöfnun vegna gæðastýringar hefur tímann fram til júní-júlí 2002 til að afla gagna og afgreiða umsóknina. Framkvæmdanefnd búvörusamninga hefur úrskurðarvald rísi ágreiningur um ákvörðun viðkomandi búnaðarsambands.

Greiðslutilhögun. Greitt verður út á hvert innlagt kg dilkakjöts hjá þeim bændum sem uppfylla kröfur til gæðastýringar. Ekki verður greitt gæðaframlag út á holdfyllingarflokk P né fituflokka 4 og 5. Dilkaskrokkar sem verðfelldir eru vegna skemmda, s.s. vegna mars, hundbits eða annarra áverka sem rekja má til meðhöndlunar hjá bóndanum, skulu ekki fá gæðaframlag.

Skrokkar sem skemmast í sláturhúsi skulu njóta gæðaframlags, enda sé augljóst að

skemmdir séu á ábyrgð sláturleyfishafa, en ekki framleiðanda. Sláturleyfishafi skuldbindur sig til að láta Framkvæmdanefnd búvörusamninga í té sundurliðaða skrá um flokkun falla hjá þeim framleiðendum sem samþykktir hafa verið í gæðastýringu. Framkvæmdanefnd semur um framkvæmd greiðslna til framleiðenda. Í samningi sé kveðið á um að allar upplýsingar, sem safnað er vegna gæðastýringar, séu trúnaðamál.

Landnot. Ákvæðum um landnot og kröfur sem gerðar eru til þessa þáttar eru eftirfarandi:

- Meginviðmiðun við ákvörðun á nýtingu heimalanda og afrétta er að nýtingin sé sjálfbær.
- Mat á landnýtingu vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt fer eftir fylgiskjalinu „Viljayfirlýsing vegna mats á landnýtingu vegna gæðastýringarþáttar í samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.“ Þar segir m.a.;
- Vottun. Þegar ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um hvort landnýting sé sjálfbær skal vottunaraðili, með þekkingu í landlæsi, skoða viðkomandi land og nýtingu þess. Þeir sem votta þurfa að fá til þess viðurkenningu viðeigandi stjórnvalds.
- Álita- og ágreiningsmál. Ágreiningsefnum varðandi synjun á vottun vegna landnota skal vísað til úrskurðarnefndar sem landbúnaðarráðherra skipar.

Einstaklingsmerkingar og kynbótaskýrsluhald. Skýrsluhaldið hefur tvíþættann tilgang:

- Í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu er rekjanleiki hornsteinn eins og í annari vottaðri framleiðslu. Gott og öruggt skýrsluhald hefur því grundvallar þýðingu við að rekja uppruna vörunnar. Skýrsluhaldið verður að vera öruggt og gagnsætt.
- Kynbótaskýrsluhaldið hefur þann tilgang að skapa gagnagrunn fyrir bóndann og ráðunauta til að vinna öflugt kynbótastarf til hagsbóta fyrir hinn einstaka bónda og fyrir kynbótastarfið á landsvísu, m.a. til að velja hrúta á sæðingarstöðvarnar. Kynbæturnar eru algjör forsenda fyrir framförum í eiginleikum eins og kjötgæðum, frjósemi og vaxtarhraða lamba. Þessum þætti skýrsluhaldsins má því ekki gleyma.

Gæðadagbók. Hér er um að ræða að skrasetja það sem skráð hefur verið, t.d. í fjárræktarfélagunum og að hluta til atriði eins og hvenær tekið er á hús, hvenær bólusettt o.s.frv.

Búfjárefirlit. Hér er nóg að benda á Lög um búfjárhald, forðagæslu o.fl., en þau fjalla, eins og flestum bændum mun kunnugt, m.a. um vörslu búfjár, aðbúnað og meðferð búfjár og forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár. Hér undir fellur einnig að lagt skuli mat á ásynd býlis, sbr. nánari ákvæði í gæðahandbók. (Sjá enn fremur Gæðastýrð sauðfjárrækt, fylgiskjal 1 með samningi um framleiðslu sauðfjárafurða)

Eðlilegt er að það sem skrásett er um fóðrun búfjár sé sett inn í þennan kafla. Gert er ráð fyrir að skráð sé hversu mikið er notað af aðkeyptu fóðri, heyfóðri og fóðurbæti, sbr. nánari ákvæði í gæðahandbók.

Lyfjaeftirlit. Gera skal grein fyrir öllum lyfjakaupum og notkun á búinu. Í grundvallaratriðum er skráning, kaup og notkun á lyfjum mjög mikið grundvallaratriði. Í því sambandi er rétt að minna á að finnist lyfjaleifar í matvælum eru þau ekki lengur hrein. Því þarf að vera hægt að rekja alla lyfjanotkun og sýna fram á í hvaða tilgangi lyfin voru notuð, hvenær og í hvaða gripi. Þó er einnig talað um hópskráningu þegar sama lyfið er gefið hóp gripa, t.d. ormalyf. Í gæðahandbók verða væntanlega fjögur eyðublöð vegna lyfjakaupa, lyfjaskráningar vegna sjúkdóma eða slysa á fullorðnu fé og lömbum og vegna hóplyfjanotkunar.

Áburðarnotkun og uppskera. Gera skal grein fyrir áburðarnotkun og uppskeru af hverri spildu. Nánari ákvæði um þessi atriði verður að finna í gæðahandbók.